

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum, sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 frá 5. mars 2019 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/759 að því er varðar þessar skrár. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2020, frá 7. febrúar 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16, frá 12. mars 2020, bls. 239.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1981 frá 28. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn snigla, gelatín og kollagen og skordýr, sem eru ætluð til manneldis, til Evrópusambandsins. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2020, frá 7. febrúar 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 23. apríl 2020, bls. 604.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2209 frá 22. desember 2020 um breytingu á I., II. og III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendur krúnunnar í skránni yfir þriðju lönd eða svæði þeirra þaðan sem aðflutningur til Evrópusambandsins á tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, er leyfður.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/171 frá 12. febrúar 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra þaðan sem heimilt er að flytja sendingar af skordýrum inn í Sambandið.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1572 frá 28. október 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/626 að því er varðar skrár yfir þriðju lönd og svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn mjólkurafurðir og skordýr til Evrópusambandsins. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2021, frá 19. mars 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 8. apríl 2021, bls. 200.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi en ákvæði 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/626 er varða sendingar af görnum, sem ætlaðar eru til manneldis taka gildi frá og með 21. apríl 2021.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.